



## Lestrartréð - Lestraráttak vorið 2025

Nemendum í Víkurskóla er boðið að taka þátt í lestrarátaki í vor. Fjórði, fimmti og sjötti bekkur hafa verið að undirbúa undurfagurt ávaxtatré hjá Edit sem við viljum sjá blómstra og bera ávexti í vor.

Svona virkar þetta:

1. **Velja bók að lesa** í yndislestur – það má taka hana á skólasafninu, fá lánaða hjá vini, eða lesa einhverja sem þú átt til heima hjá þér! Ég mæli með að lesa eitthvað sem þú hefur ekki áður lesið og hafa bók sem þú treystir þér til að geta klárað. Það má lesa skáldsögur eða fræðibækur, en dagblöð, tímarit og námsbækur teljast ekki með. Ég er alltaf til í að hjálpa þér að finna eitthvað sem þér finnst skemmtilegt.
2. **Skrá bókina á þátttökumiðann** – miðinn fæst á skólasafninu.
3. **Les!** 😊
4. **Koma á bókasafnið þegar þú ert búin/n að lesa** – reiknum út fjölda epla sem þú færð að setja á lestrartréð.
5. **Velja næstu bók og halda áfram...**

**Átakið byrjar 28. janúar og því lýkur 14. mars 2025.** Í lok átaksins teljum við hvaða bekkjardeild hefur lagt mestan metnað í verkefnið og hver náði að lesa flestar blaðsíður!

Ég hlakka til að sjá tréð okkar blómstra með ykkur!

Kveðja,

Lisa skólabókavörður

